

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, iðnaðarsvæði við Leirvogstungu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. maí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, frá 8. júlí 2003.

Breytingin felst í því að 44 ha svæði í landi Leirvogstungu sem afmarkast af Vesturlandsvegi, Leirvogsa (100 m breiðu verndarsvæði), Köldukvísl og íþróttasvæðinu á Tungubökkum breytist úr landbúnaðarsvæði í íbúðarsvæði, svæði fyrir blandaða byggð og svæði fyrir stofnanir. Lega reiðstíga breytist og gert er ráð fyrir tengibraut sunnan svæðisins og verður aðalstígur meðfram tengibrautinni.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 23. maí 2006.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2006